

Landsvirkjun
Helgi Jóhannesson
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík

Reykjavík, 14. október 2021
UST202110-122/B.S.
10.05.00

Efni: Lagarfljót - bakkavörn á austurbakka. Umsögn

Vísað er til erindis Landsvirkjunar dags. 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Eins og fram kemur í erindi Landsvirkjunar er hér um að ræða framhald aðgerða sem hófust árið 2015 og Umhverfisstofnun gaf umsögn um. Ráðgert er að gera um 1.300 m langa bakkavörn á austurbakka Lagarflóts þar sem land rofnar vegna hækkunar vatnsborðs í Lagarfljóti vega Lagarfossvirkjunar annars vegar og Kárhnjúkavirkjunar hins vegar. Áætlað efnismagn í framkvæmdina er um 2.000 m³ sem teknir verða úr opinni námu í Selhöfða nærri Urriðavatni.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hluti svæðis nr. 647 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: *Votlendi með ríkulegum gróðri, tjörnum, kvíslum og gróðurríkum hólum. Allmikið og fjölbreytt fuglalíf, líklega eitt hið auðugasta á Héraði. Mikilvægur viðkomustaður fugla einkum á vorin, þar sem ísa leysir snemma á þessu svæði.*

Miðað við verndargildi svæðisins má ætla að áframhaldandi rof muni skerða gróðurlendið og hafa neikvæð áhrif á fuglalíf ef ekkert verður að gert. Þegar ráðist var í byggingu Kárhnjúkavirkjunar lá fyrir að hækkun vatnsborðs Lagarfljóts gæti haft þau áhrif sem hér eru fram komin og að ráðast þyrfti í aðgerðir sem hófust 2015. Hér er um frekar litla framkvæmd að ræða eins og efnismagn gefur til kynna og til að draga úr raski er ráðgert að framkvæmdin fari fram á frosti að vetrarlagi þannig að ekki verði truflun á fuglalífi á vori komanda. Umhverfisstofnun telur framkvæmdina jákvæða og þarfa mótvægisáðgerð og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

